



Hörgársveit Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Efnistökusvæði E12 – 25.000 m³ efnistaka

Leyfishafi:

GLB17 ehf.

kt. 640717-1060

Hafnarstræti 53

600 Akureyri

Leyfisveitandi:

Hörgársveit

kt. 510101-3830

þelamerkurskóla, 601 Akureyri

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- Umsókn um framkvæmdaleyfi ásamt framkvæmdaáætlun dags. 2020-06-04.

Útgáfa framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Hörgársveitar 26. nóvember 2020 er hér með veitt framkvæmdaleyfi til 25.000 efnistöku á efnistökusvæði E12 í landi Glæsibæjar.

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

- Framkvæmdaleyfi þetta er bundið þeim skilmálum sem fram koma í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.
- Efni sem tekið er á efnistökusvæði E12 er einungis heimilt að nota til gatnagerðar og viðlíka framkvæmda á íbúðarsvæði ÍB2.
- Efnistökusvæðið er alls um 1 ha að flatarmáli og afmarkast af því sem eftir stendur af malarkambi sem tekið var úr á árum áður. Við efnistöku skal ekki grafið dýpra en að núverandi landyfirborði í eldri hluta efnistökusvæðisins.
- Framkvæmdaleyfi þetta er bundið framkvæmdaráætlun og öðrum skilmálum sem fram koma fylgigönum leyfisins og bókun sveitarstjórnarfundar 12. júní 2020.
- Framkvæmdina skal vinna samfellt, eða í eins fáum samfelldum lotum og unnt er með hliðsjón af eðli framkvæmdar.
- Snyrtilega verði gengið frá framkvæmdasvæðinu að framkvæmd lokinni. Leyfishafi skal ganga frá grónu landi með svarðlagi eða sáningu.
- Umgengni um framkvæmdasvæðið skal vera góð og fyllsta öryggis gætt með tilliti til umferðar við framkvæmdasvæðið, svo sem vegna umferðar á þjóðvegi eða annarra vegfarenda og við framkvæmdasvæðið.
- Leyfishafi skal tryggja að vegir og slóðar skemmist ekki vegna starfsemi sinnar.
- Gildistími framkvæmdaleyfis er tilgreindur framar í leyfi þessu og skal frágangi lokið á þeim degi.



Eftirlitsmaður framkvæmdaleyfisins:

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Útgáfudagur og gildistími:

Framkvæmdaleyfið tekur gildi 27. nóvember 2020 og gildir til 30. september 2024.

Undirskrift:

*Skipulags- og byggingarfulltrúi
Eyjafjarðar*